

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd Ed. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og koma því fram tvö nefndarálit.

Viðreisnarstefnan hefur nú leitt til upplausnar í íslenzku efnahagslífi, svo að varla dylst neinum lengur, að veruleg stefnubreyting hlýtur að vera skammt undan. Með frv. þessu er gerð tilraun til að smíða þá hækju, sem núverandi stjórnarstefna geti stuðzt við seinasta spölinn.

Viðreisnin var byggð á þeirri grundvallarkenningu, að þjóðin hefði lifað um efni fram og því væri nauðsynlegt að takmarka kaupgetuna og það skyldi gert með því að tryggja það, að verðlagshækkanir yrðu meiri en kauphækkanir. Og þó að mörg atriði stjórnarstefnunnar hafi verið framkvæmd á aðra lund en boðað var í upphafi, hefur ríkisstjórnin jafnan verið þessu stefnumiði sínu trú. Dýrtíðarstefnan hefur ætíð verið höfð í háseti hjá núverandi ríkisstjórn.

Með gengislækkuninni 1960 var fyrsta stóra skrefið stigið á þessari braut. Allt verðlag var stórlega hækkað, og um leið var kaupgjaldið slitið úr tengslum við verðlagsþróunina. Í meira en heilt ár hélzt óbreytt kaupgjald þrátt fyrir verðhækkanir. Þá tókust samningar um hóflegar kauphækkanir í mesta aflagóðæri í manna minnum, en þeim svaraði ríkisstjórnin með nýrri gengislækkun. Kaupgetan skyldi hlífðarlaust takmörkuð með aukinni dýrtíð.

Ríkisstjórninni hefði raunar mátt vera það ljóst, að launþegar mundu ekki láta leika sig þannig. Þegar þeim var bannað með lögum að tryggja kaupgetu launa sinna með því að tengja kaupgjald verðlagsvitölu, þá hlutu þeir að leita annarra leiða til þess að reyna að tryggja kjör sín í dýrtíðarflóðinu. Þetta gerðist með þeim hætti, að gildistími kjarasamninga varð mjög stuttur, og leiddi það fljótt til glundroða á vinnumarkaðnum. Á árinu 1963 voru almennir kjarasamningar verkalýðsstéttanna aðeins í gildi í 4½ mánuð, en 7½ mánuð var samningslaust, og almennar kauphækkanir urðu þrívægis á þessu eina ári. Þannig lýstu afleiðingar dýrtíðarstefnunnar sér á þeim vettvangi.

Vaxtaþólitík ríkisstjórnarinnar var liður í sömu áætlun. Í fyrstu var sagt, að vaxtahækkunin ætti að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á peningamarkaðnum og tryggja hagsmuni sparifjäreigenda. Nú er öllum ljóst, að við erum fjær því en nokkru sinni að hafa jafnvægi á peningamarkaðnum. Ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé hefur aldrei verið meiri. Sparifjäreigendur telja sig illa svikna, því að dýrtíðin hefur ekki aðeins gleypst alla vexti þeirra, heldur einnig hluta af höfuðstólnum. Eftir standa aðeins verðhækkunaráhrif hinna háu vaxta, en að sjálf-sögðu eiga þeir sinn þátt í dýrtíðarþróuninni.

Frysting sparifjárins var einnig liður í þessari áætlun. Með henni var takmarkað það fé, sem almenningur gat haft með höndum, og þar með gert torveldara að koma fram ýmissi nauðsynlegri fjárfestingu. En þeir, sem höfðu peninga í höndum, skildu vel dýrtíðarstefnu stjórnarinnar og gripu tækifærin, sem þeim voru gefin. Þeir hófu þegar aðgerðir til að koma peningum sínum í föst verðmæti. Nú hófst hið æsilegasta fjárfestingarkapphlaup, en ríkisstjórnin, sem frysti sparifé almennings, kynti undir með því að veita hundruðum milljóna af erlendu lánsfé inn í verðbólguþraskið. Kaupsýslumenn tóku vörukaupalán erlendis, sem námu yfir hálfum milljarði króna, og margir gátu þannig ráðstafað nokkru af veltufé sínu til að byggja verzlunarhallir.

Þegar vinnuaflið var komið á uppboð við þessar verðbólguframkvæmdir, tók ríkisstjórnin framkvæmdalán, sem námu hundruðum milljóna króna, erlendis án

þess að gera nokkrar ráðstafanir til, að hinar áætluðu framkvæmdir kæmst áfram í samkeppninni um vinnuaflið.

Handahófið í fjárfestingunni er ein meginorsök þess, hversu eindæma ódrjúgar miklar tekjur óvenjulegra góðæra hafa reynzt þjóðinni. Sinnuleysi ríkisstjórnarinnar um eðlilega stjórn efnahagsmála, sem m. a. hefur komið fram í þessari handahófskenndu verðbólgu fjárfestingu, hefur orðið þjóðinni óheyrilega dýrt.

Á undanförnum fjórum árum hefur ríkisstjórnin þrefaldað skattheimtu til ríkissjóðs, og með ákvæðum þessa frumvarps mundu álogurnar 1964 fara yfir þrjá milljarða. Þessi hóflausa skattheimta hefur átt drjúgan þátt í að spenna upp dýrtíðina, eins og glögglega kom í ljós, þegar ágúst-vísitalan var reiknuð út, en þá hækkaði vísitalan um fimm stig, sem nær eingöngu átti rót sína að rekja til aukinna álaga hins opinbera.

Þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem hér hafa verið raktar, og fleiri, sem ekki verða taldar hér, hafa leitt til þess dýrtíðarflóðs, sem nú hefur komið útflutningsatvinnuvegunum í þrot. Til þess að halda hraðfrystihúsunum gangandi snýr ríkisstjórnin nú rակleitt inn á uppbótarleiðina, sem mest var fordæmd fyrir nokkrum árum.

Í s. l. desember lýsti ríkisstjórnin yfir, að hún mundi gera ráðstafanir til að bæta hraðfrystihúsunum 15% kauphækkun, en til þess þarf að dómi ríkisstjórnarinnar 62 millj. kr. eða 32 aura á kg hráefnis, og með tilliti til þessa ákvað yfirdómur fiskverðið 30 aurum hærra en ella var talið kleift. Efnidirnar á þessu fyrirheiti er svo að finna í þessu frv., en þær eru fólgnaar í lækkuun á útflutningsgjaldi, sem nemur fyrir frystihúsin 19 millj. kr., eða um 10 aurum á fiskkíló, og 43 millj. kr. framlagi, eða sem svarar 22 aurum á fiskkíló, sem nota á til að auka framleiðni við freðfiskframleiðsluna.

Nú er það auðvitað hin mesta nauðsyn að auka framleiðni í freðfiskframleiðslunni eins og öðrum atvinnugreinum. Á hinn bóginn er augljóst, að sömu peningarnir verða ekki notaðir til hvors tveggja í senn, að borga 20 aura til viðbótar fyrir hvert fiskkíló og líka að greiða þann kostnað, sem ráðstafanir til aukningar framleiðni hafa í för með sér. Vilji ríkisstjórnin standa við fyrirheit sitt, er ekki hægt að líta á þessar 43 millj. kr. öðruvísi en hreinar verðbætur, og verður því að gera aðrar og raunhæfari ráðstafanir til að stuðla að framleiðniaukningu í freðfiskiðnaðinum og raunar einnig öðrum framleiðslugreinum. Í því sambandi skal bent á frv. til laga um framleiðnisjóð, sem nú liggur fyrir Ed., flutt af þm. Framsóknarflokksins. En til bráðabirða þykir þó rétt að láta einnig saltfisk- og skreiðarframleiðsluna njóta þeirra bóta, sem hér um ræðir, og flytjum við því brtt., sem lýtur að því að hækka framlagið úr 43 millj. í 60 millj. kr. og láta það einnig ná til framleiðslu saltfisks og skreiðar. Ljóst er, að þessar greinar hafa á sama hátt og freðfiskframleiðslan orðið fyrir barðinu á dýrtíðarstefnu stjórnarinnar, en í frv. eru þeim ekki ætlaðar aðrar bætur en lækkuun útflutningsgjalds, sem nemur 11 millj. kr., og er þar augljóslega um stórfellda mismunun að ræða. Sölusamband isl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda hafa rökstutt þessa skoðun í bréfum til háttv. fjárhagsnefndar Nd., og föllumst við á þau sjónarmið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 6% uppbótum á gildandi fiskverð úr ríkissjóði. Nauðsynlegt er, að þær uppbætur séu verulega hærri, ef tryggja á útgerð bátanna og veita bátasjómönnum á þorskveiðum hliðstærð kjör og aðrar starfstéttir hafa.

Framsóknarmenn hafa oft bent á það, að of háir vextir leggi þunga byrði á framleiðsluna. Til þess að létta þessa byrði og þar með gera mögulega frekari hækkun fiskverðsins leggjum við til, að afurðalánin verði aukin í 67% og vextir af afurðalánum lækkaðir í það horf, sem þeir voru fyrir 1960. Afurðalán til landbúnaðarins fylgi sömu reglum.

Okkur virðist einnig óhjákvæmilegt að greiða sérstaka styrki til þeirra vinnslustöðva, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu, vegna þess að hráefni þeirra er sérstaklega dýrt í vinnslu, en nauðsynlegt að þær starfi vegna hlutaðeigandi byggðarlaga,

og leggjum við til, að þeim verði veittar sérstakar uppbætur á sumarveiddan bátafisk og til þess verði varið allt að 15 millj. kr. úr ríkissjóði.

Sá stuðningur, sem frv. þetta gerir ráð fyrir við útgerð og freðfiskframleiðslu, kostar ríkissjóð um 180 millj. kr. Sú upphæð er aðeins hluti af þeim greiðsluafgöngum, sem safnast hafa undanfarin ár hjá ríkissjóði vegna hóflausrar skattheimtu, og af fjárlögum þessa árs er ljóst, að áfram er haldið á þeirri braut. Eigi að síður notar ríkisstjórnin tækifærið til þess að leggja nú til nýja skatta, sem nema 295 millj. kr. á ári, með ákvæðum þessa frv. um að hækka söluskattinn illræmda úr 3% í 5½%. Það er alls ekki um það að ræða, að ríkissjóð skorti fé til þess að mæta þeim greiðslum, sem hér um ræðir, heldur er hér eingöngu um að ræða áframhald þeirrar skattlagningar- og dýrtíðarstefnu, sem hæstv. ríkisstjórn hefur svo trúlega fylgt. Við leggjum því til, að ákvæðið um hækkun söluskattsins verði fellt burt úr frv.

Nú orðið virðist ríkisstjórnin gera sér það ljóst, að efnahagsmálum þjóðarinnar er komið í hreint óefni. Um það ber 6. gr. frv. glögglega vitni. Þar er lagt til, að ríkisstjórnin fái heimild til að fresta opinberum framkvæmdum, þ. á m. skólabyggingum, hafnargerðum, vega- og brúagerðum, sjúkrahúsabyggingum o. fl., sem Alþingi hefur samþykkt á fjárlögum fyrir 5 vikum. Ekki gerir frv. þó ráð fyrir sams konar ráðstöfunum til að hafa hemil á handahófskenndri verðbólguþjárfestingu einkaaðila.

Eðlilegt er, að ráðstafanir séu gerðar til þess, að fjárfesting í landinu sé hæfileg á hverjum tíma, og þær tegundir fjárfestingar látnar sitja fyrir, sem nauðsynlegastar eru þjóðarheildinni. Þetta er ekki heimild til slíkrar ráðdeildar. Það verður ekki með neinu móti fallizt á að láta opinberar framkvæmdir víkja skilyrðislaust fyrir þeirri verðbólguþjárfestingu einkafjármagnsins, sem einkennir svo mjög framkvæmdir í landinu nú og er ein meginorsök þess, hversu lítið þjóðinni hefur orðið úr tekjum undanfarinna góðæraða.

Eftir þá óðadýrtíð, sem yfir er skollin, er það óumdeilt, að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að halda fiskiðnaðinum og togurunum gangandi og hækka fiskverð til bátanna. Eftir atvikum þykir okkur því rétt að leggja til, að þau ákvæði frv., sem um þetta fjalla, verði samþykkt með þeim breytingartill., sem við flytjum. Á hinn bóginn er ljóst, að hér er aðeins um bráðabirgðaráðstafanir að ræða. Meginverkefnið er að ráða niðurlögum óðadýrtíðarinnar. Það verður ekki gert með því að leggja nú á nýjar álögur, sem nema nærri 300 millj. kr.

Ríkissjóður getur hæglega borið kostnað að þeim stuðningi, sem frv. gerir ráð fyrir, um sinn. Á meðan ber Alþingi að gera raunhæfar ráðstafanir til umbóta í efnahagsmálum, taka þau öll upp til rækilegrar skoðunar með það fyrir augum að leita víðtæks samkomulags stétta og flokka um leiðir til að stöðva þá óheillaþróun, sem einkennit hefur íslenskt efnahagslíf um sinn.

Það er skoðun okkar, að það eigi að vera meginefni þeirra ráðstafana, sem nú eru gerðar, að kanna til hlitar, hvort ekki er mögulegt að ná samkomulagi um slíkar ráðstafanir. Við leggjum því til, að upp í frv. verði tekið ákvæði um, að sett verði á stofn nefnd allra flokka, sem hafi þetta verkefni. Þetta verður að gera til þess að koma í veg fyrir, að ný umferð hefjist í dýrtíðarhringsrásinni með stórfelldum nýjum álögum í beinu framhaldi af dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar. Áframhald þeirrar stefnu ber dauðann í sér, því að vonlaust er, að launþegar sætti sig við nýjar og stórfelldar álögur, á sama tíma og greiðsluafgangur haugast upp hjá ríkissjóði. Það mundi því aðeins leiða til enn harðari kjarabaráttu en undanfarið, og er þó sisl á bætandi, heldur mál, að linni.

Brtt. í samræmi við framansagt fytjum við á þskj. 221.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 29. janúar 1964.

Helgi Bergs, Karl Kristjánsson.
frsm.